

Ed.

101. Frumvarp til laga

[57. mál]

um orlof húsmæðra.

Flm.: Auður Auðuns, Katrín Smári, Karl Kristjánsson,
Björn Jónsson.

1. gr.

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði hvers héraðs-
sambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til hús-
mæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því
sambandi. Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofs-
nefndir leita samstarfs við þær.

2. gr.

Í hverri orlofsnefnd skulu vera þrjár konur, kosnar á aðalfundi hlutaðeigandi
héraðssambands, og þrjár til vara. Kosið skal til þriggja ára í senn. Orlofsnefndir
skipta sjálfar með sér verkum. Þær skulu vera ólaunaðar.

3. gr.

Fjár þess, er orlofsnefndir hafa til ráðstöfunar, skal aflað með þessum hætti:

1. Sérhver húsmóðir frá 18—65 ára aldri skal greiða árlega í orlofssjóð 10 krónur.
Ef verðgildi peninga breytist, skal breyta gjaldinu í samræmi við það. Skal
gjald þetta innheimt af sýslumönnum og bæjarfógetum — í Reykjavík af toll-
stjóra — um leið og á sama hátt og skattar til ríkisins eru innheimtir.
2. Með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum
þykir henta.
3. Með framlögum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Með framlögum ríkisins.

Að því er varðar framlög samkvæmt 4. lið, skal félagsmálaráðuneytið sjá um
skiptingu þeirra milli orlofssvæða. Framlag ríkisins skal vera jafnt orlofsframlagi
kvenna samkvæmt 1. lið.

4. gr.

Rétt til orlofsfjár eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu
fyrir það starf. Enn fremur má veita orlofsfé vegna barna allt að 10 ára aldri, helming
á móti konu, ef sérstaklega stendur á. Orlof skal að jafnaði ekki vera styttra en
10—14 dagar.

5. gr.

Við úthlutun orlofsfjár, er getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar efnahag fjölskyldunnar, barnafjölda og aldur þeirra, húsnæði og heilsufar svo og aðrar þær ástæður, sem að álitni orlofsnefndar ber sérstaklega að taka tillit til.

Fé, sem aflað er með þeim hætti sem í 1., 3. og 4. lið 3. gr. segir, skal úthlutað til orlofsnefnda í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi. Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta prenta umsóknareyðublöð fyrir umsóknir um orlofsfé til húsmæðra og senda orlofsnefndum.

7. gr.

Á meðan ekki hafa verið reist sérstök orlofsheimili, skulu orlofsnefndir hafa samvinnu við félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um afnot skóla og annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Skýlt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningskilum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum stjórnar Kvenfélagasambands Íslands, sem hefur samið — eða látið semja — frumvarpið.

Flutningsmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartill. við frumvarpið og fylgja breytingartill., er fram kunna að koma frá öðrum.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá stjórn Kvenfélagasambandsins:

„Við 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að héraðssambönd kvenfélaga um allt land skipuleggi orlof, hvert á sínu svæði, og að hvert héraðssamband ákveði, hvort það verður eitt orlofssvæði eða sambandssvæðið skiptist niður í fleiri orlofssvæði. Hvarvetna þar, sem orlofsnefnd er komið á fót, skal jafnframt ákveða starfssvæði hennar. Á nokkrum stöðum á landinu eru mæðrastyrksnefndir starfandi, og hafa þær m. a. unnið að því að koma á hvíldarvikum fyrir konur. Ætlazt er til þess, að orlofsnefndir leiti samstarfs við mæðrastyrksnefndir, þar sem þær eru starfandi.

Við 2. gr.

Þarf ekki skýringar.

Við 3. gr.

Þessi gr. er um það, hvornig fjár skuli aflað til húsmæðraorlofs. Hér er um það nýmæli að ræða í orlofsmálum, að sú stétt, sem orlofsins á að njóta, húsmæðurnar, leggur sjálf af mörkum ákveðna fjárhæð árlega til þess að standa undir kostnaði. Nú munu vera á landinu öllu um það bil 32 þúsund konur, sem greiða mundu gjald skv. 1. lið gr., og er ætlazt til þess, að hvert orlofssvæði njóti þessa fjár sem og framlags ríkisins í hlutfalli við fjölda þeirra kvenna, sem á orlofssvæðinu eru. Fé, sem aflast skv. 2. lið gr., tilheyrir að sjálfsgöðu hverju orlofssvæði, og framlög bæjar- og sveitarfélaga mundu einnig aðeins falla til tilsvarenda svæðis. Gert er ráð fyrir, að félagsmálaráðuneytið skipti framlagi ríkisins milli orlofssvæða í hlutfalli við tölu þeirra kvenna, sem greiða gjald skv. 1. lið.

Við 4. gr.

Hér segir, hverjir eigi rétt til orlofsfjár. Nær rétturinn til allra kvenna, giftra og ógiftra, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Samkvæmt þessu skulu eiga rétt til orlofsfjár konur, sem að einhverju leyti vinna utan heimilis, ef þær aðeins ekki fá laun sem ráðskonur eða húsmæður á heimilinu. Gert er ráð fyrir heimild til þess, að kona geti fengið orlofsfé vegna barna, svo að hún geti tekið barn sitt eða börn með sér í orlof, þegar nauðsynlegt eða heppi-legt þykir. Er það orlofsfé helmingur á móti því, sem kona fær, fyrir hvert barn.

Orlofstíminn er ákveðinn 10—14 dagar með tilliti til þess, að um verulega hvíld geti verið að ræða.

Við 5. gr.

1. mgr. segir til um, hvað skuli hafa til hliðsjónar, þegar orlofsfé er veitt, og skýrir gr. sig sjálf að því leyti.

2. mgr. 1. málsl. er skýring á 3. gr., og í síðari málsl. er tekið fram, að safna megi í orlofssjóði milli ára, ef ástæða þykir til. Slíkar ástæður geta verið margvís- legar, t. d. ef þannig hagar til, að konur komist ekki frá heimilum sínum, en hægt sé að finna möguleika til þess, að þær komist að heiman síðar. Einnig gæti oft verið mjög nauðsynlegt, að eitthvert fé sé í orlofssjóði, ef kona þarf á sérstöku orlofi að halda vegna veikinda eða erfiðra heimilisástæðna.

Við 6. gr.

Þarf ekki skýringar.

Við 7. gr.

Þarf ekki skýringar.

Við 8. gr.

Þarf ekki skýringar.“

Enn fremur fylgdu frumvarpinu eftirfarandi útdrættir um það, hvernig unnið er að húsmæðraorlofum í nágrannalöndunum:

„1. Danmörk.

Þar starfar fyrir allt landið húsmæðraorlofsnefnd, sem er skipuð fulltrúum frá 16 félagasamtökum, þar á meðal fulltrúum allra stjórnmalaflokka landsins.

Orlofsnefndin vinnur að því:

- a. að útvega frá opinberum aðilum fé til húsmæðraorlofa,
- b. að veita húsmæðrum orlof, eftir því sem mögulegt er, og reyna að tengja fræðslu- og menningarstarf við þessi orlof,
- c. að reyna að koma á löggjöf til stuðnings þessu starfi.

Samkvæmt skýrslu húsmæðraorlofsnefndar fyrir árið 1954 hefur starfið verið þriðætt:

1. að gangast fyrir orlofum fyrir mæður og börn á gististöðum,
2. að gangast fyrir orlofum fyrir mæður með eða án barna á sveitaheimilum,
3. að styðja að orlofsferðum innanlands, annaðhvort með styrk til dvalar eða án slíks styrks.

Húsmæðurnar senda umsóknir til orlofsnefndarinnar, og er valið úr þeim, þannig að þær konur, sem helzt eru taldar þurfa á orlofinu að halda, ganga fyrir.

Orlofin eru styrkt þannig, að húsmæður, sem sjálfar útvega sér dvalarstað, fá ferðakostnað og sumar þeirra $\frac{1}{3}$ hluta dvalarkostnaðar, en hinar, sem fá orlof, sem nefndin sér um, fá greitt $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðar.

2. Noregur.

Húsmæðrasamband Noregs hefur starfandi orlofsnefnd, og skal hvert samband og félag, sem vill taka þátt í orlofsstarfinu, hafa orlofsnefnd innan vébanda sinna.

Rétt til húsmæðraorlofs hafa giftar og ógiftar konur, sem veita heimili forstöðu án sérstakra launa.

Félögin eiga að sjá um það, að húsmæður, sem af sérstökum ástæðum, t. d. vegna ómegðar, veikinda á heimilinu, heilsuleysis, mikillar vinnu, aldurs o. þ. h. og hafa þörf fyrir fjárhagslegan stuðning, taki þátt í orlofum. Það má ekki vera skilyrði fyrir styrk til orlofs, að konan sé félagsbundin.

Það er aðeins veittur styrkur fyrir orlof, sem eru til hvíldar og hressingar, en ekki til langra ferða, námskeiða o. þ. h.

Fyrir hverja konu, sem fær 14 daga ókeypis orlof, greiðir ríkissjóður kr. 110.00 og tilsvarendi minna fyrir færri daga. Orlofið má ekki vera skemmra en 7 daga. Einnig er veittur styrkur fyrir hvert barn, sem húsmóðirin hefur með sér, helmingur á móti því, sem veitt er vegna konu.

Félögin eru skyldug til þess að leggja fram það, sem vantar til þess, að ríkisframlagið nægi fyrir orlofinu.

3. Svíþjóð.

Þar eru lög um aðstoð ríkisins vegna hvíldar og hressingar fyrir mæður og börn. Það, sem ríkið styrkir, er eftirfarandi:

1. Ferðir fyrir börn og gæzlukonur þeirra (mæður) og sömuleiðis fyrir húsmæður, sem hafa minnst 2 börn innan 14 ára aldurs á heiminu. Það eru barnaverndarnefndir, sem sjá um framkvæmdina á þessu. Fargjöld fást yfirleitt því aðeins greidd, að tekið sé ódýrasta farartæki, sem fánlegt er á þeirri leið, en ekki nema til þeirra, sem eru undir vissu marki með skattskyldar tekjur og eignir. Þessar hvíldarferðir mega vera minnst 4 vikur fyrir börn og helzt ekki minna en 10 dagar fyrir húsmæður, og þær mega fara til hvaða staðar (innanlands) sem vera skal.
2. Greiddur er ferðakostnaður fyrir börn, gæzlukonur þeirra (mæður) og starfsfólk til barnaheimila (barnekoloni). Það eru einnig barnaverndarnefndir, sem sjá um þetta.
3. Húsmæðraorlofsnefnd skal vera til í hverjum bæ og hverju fylki (sýslu), er sjái um húsmæðraorlof. Ríkið veitir árlegan styrk til húsmæðraorlofa, sem skiptist niður á hin ýmsu fylki, þó þannig, að venjulega er af þessum styrk greidd ákveðin fjárhæð fyrir hverja þá konu, sem fær orlof.
4. Félög og aðrir geta fengið styrk til þess að reka orlofsheimili fyrir húsmæður. Ríkið greiðir til þessara heimila kr. 2.50 fyrir gest á dag. Hægt er að fá ókeypis ferðir til þessara gististaða, ef tekjur og eignir síðasta árs hafa ekki farið fram úr vissu marki. Skólar eru m. a. notaðir yfir sumarið sem orlofsheimili.
5. Eitthvað er byrjað að skipuleggja frí fyrir fjölskyldur.
6. Ríkið leggur fram ákveðna fjárhæð árlega til þess að skipta upp milli húsmæðra vegna undirbúnings undir sumarfrí (til fata o. fl.). Getur sá styrkur numið 50—125 kr. til hvers konu.
7. Stofnuð hafa verið félög, sem vinna að því að koma börnum fyrir á sveitaheimilum, og hafa félög þessi ríkisstyrk, sem m. a. er varið til þess að greiða með börnum daggjald, sem nemur kr. 1.00 á dag.“